

156. fundur

Fundur var haldinn í skipulags- og byggingarnefnd Stykkishólmsbæjar mánudaginn 3. desember 2012, kl. 20:00, á 3. hæð ráðhússins, Hafnargötu 3.

Mætt voru: Hermundur Pálsson, Lára Gunnarsdóttir, Hinrik Hjartarson, Ásgeir Gunnar Jónsson og Katrín Gísladóttir. Auk þess sat fundinn Bjarnfríður Vilhjálmssdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stýrði.

Dagskrá.

1. Arnarborg 5, smáhýsi á lóð.
Bæring Bjarnar Jónsson sækir um f.h. HF fasteignir ehf, að reisa smáhýsi á lóðinni við Arnarborg nr. 5, sbr. teikningar frá Glámu Kím, dags. 30.11.2012.
Erindi samþykkt, í samræmi við deiliskipulag.
2. Frúarstígur deiliskipulagsbreyting. Reitur B við Frúarstig, fyrirspurn.
Sævar Harðarson/Skipavík ehf, óskar eftir möguleika á að staðsetja a) bílskúr á lóðinni og b) að á neðri hæð hússins verði leyfð atvinnustarfsemi, sbr. tölvupóst dags. 12.11.2012. Lagður fram tölvupóstur frá Bæring Bjarnar Jónssyni skipulagshöfundu dags. 26.11.2012.
Nefndin leggur til að heimila atvinnustarfsemi en tekur neikvætt í bílskúr á lóðinni.
3. Frúarstígur reitur b á deiliskipulagi, nýbygging.
Sigurjón Jónsson sækir um f.h. Skipavík að reisa hús á lóð merkt B við Frúarstig, með atvinnustarfsemi á jarðhæð og íbúð á efri hæðum, sbr. teikningu frá Skipavík ehf/Sigurjóni Jónssyni dags. 29.11.2012.
Nefndin samþykkir að grenndarkynna óverulega breytingu á deiliskipulagi samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 fyrir eigendum Skólástíg nr. 1. Breytingin felst í að heimila atvinnustarfsemi á jarðhæð og að gólfkóti hússins verði lækkaður úr 9,10 m í 8,70 m svo að mænishæð verði í samræmi við deiliskipulag.
4. Arnarborg 11, frístundahús.
Sævar Harðarson sækir um f.h. Skipavík ehf að reisa frístundahús sbr. teikningar frá Skipavík ehf/ Sigurjóni Jónssyni dags. 3.12.2012.
Erindi samþykkt, í samræmi við deiliskipulag.
5. Arnarborg 20, frístundahús.
Sævar Harðarson sækir um f.h. Skipavík ehf að reisa frístundahús sbr. teikningar frá Skipavík ehf/Sigurjóni Jónssyni dags. 3.12.2012.
Erindi samþykkt, í samræmi við deiliskipulag.

6. Arnarborg 21, frístundahús.
Sævar Harðarson sækir um f.h. Skipavík ehf að reisa frístundahús sbr. teikningar frá Skipavík/Sigurjóni Jónssyni dags. 3.12.2012.
Erindi samþykkt, í samræmi við deiliskipulag.
7. Hafnargata 4, gistiskáli og veitingasala.
G. Oddi Víðissyni f.h. Hamraenda ehf, óskar eftir leyfi til að breyta húsinu í gistiskála og veitingasölu, sbr. teikningar frá DAP arkitektum/ G.Oddi Víðissyni dags. 29.11.2012. Umsög Húsafriðunarnefndar Ríkisins liggur fyrir dags. 29.11.2012.
Erindi samþykkt að uppfylltum skilyrðum.
8. Aðalgata 10, Arion banki, útlitsbreytingar.
Sævar Harðason sækir um að fjarlægja skorstein og klæða hluta hússins að Aðalgötu 10 með hvítu sléttu áli sbr. teikningu frá Steinari Sigurðssyni arkitekt FAÍ, dags. 10.11.2012.
Erindi samþykkt.
9. Ægisgata 11, bréf frá Sverri Kristjánssyni.
Lagt fram bréf frá Sverri Kristjánssyni dags. 13.11.2012 vegna synjunar á viðbyggingu.
Bréf lagt fram.
10. Nesvegur 11 a, stöðuleyfi.
Birgir Jónsson sækir um að staðsetja flöskugám á lóð við Nesveg 11 a, sbr. bréf dags. 12.07.2012. Fyrir liggur samþykki lóðarhafa aðliggjandi lóðar.
Erindi synjað þar sem óheimilt er að staðsetja gám í bæjarlandi nema á sérstöku geymslusvæði fyrir gáma við Heljarmýri.
11. Önnur mál.
11.a Rætt var um báta og bíldrulur við heimahús í Hólminum.

Fundi slitið kl. 22:40.

B.V.

